

Námsvísir
Yngsta stig 2008 – 2009

Stærðfræði

Kennarar: Ásta Brynjólfsdóttir, Bergrún Gyða Óladóttir, Birna Sigurðardóttir, Guri Hilstad Ólason, Gyða Björgvinsdóttir og Ingibjörg Ásta Faaberg.

Stuðningsfulltrúar: Steina Arnardóttir og Olga Elísa Guðmundsdóttir.

Sérkennarar: Ásta Brynjólfsdóttir.

Markmið skóla og nemenda

Í upphafi er mikilvægt að byggja upp góðan talnaskilning nemenda og að nemendur fái tækifæri til að glíma við lausnir verkefna og þrauta með ólíkum aðferðum. Fengist verður við ýmis lögmál stærðfræðinnar og tengsl við daglegt líf nemenda. Mismunandi reikniaðgerðir þjálfaðar og fjölbreytt tengsl við náttúru, samfélag og umhverfi skoðuð út frá stærðfræðinni.

Sjá markmið í *Aðalnámskrá grunnskóla, stærðfræði frá 1999 / 2007*.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum

Nemendur í 1. bekk eru í tveimur umsjónarhópum og verða þeir fyrst í stað á sérsvæði. Nemendum í 2. - 3. bekk er aftur á móti aldursblandað frá fyrsta degi og hefur þeim verið skipt í þrjá umsjónarhópa. Hóparnir verða í opnu rými sem hægt er að loka af og mynda þrjár kennslustofur. Til að ná settum markmiðum verða notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s . hringekja, ýmis konar hópavinna, Bright Start, innlögn í krók og í litlum hópum.

Leikir verða notaðir sem hluti af stærðfræðikennslunni og unnið verður mikið á hlutbundinn hátt svo aðferðir og tengsl þeirra á milli festist betur í minni nemenda.

Reynt verður að samþætta við aðrar greinar þannig að um samfellu verði að ræða en ekki hrein skil á milli námsgreina.

Námsgögn

Fjölbreytt námsgögn verða í boði, t.d. bækur, hljóðbækur, tölvuforrit og hlutbundið efni. Unnið verður út frá því að hver nemandi fái námsgögn við sitt hæfi.

Námsmat

Prófverkefni, frammistöðumat, t.d. samvinna og virkni.

Verkmöppur metnar með umsögnum, sjálfsmati og jafningjamati.

Leitast verður við að hafa námsmat fjölbreytt og á forsendum hvers nemanda.